

Alda: Ráðgjöf um styttingu vinnuvikunnar og eflingu lýðræðisins

Í nýliðnum sveitastjórnarkosningum voru stytting vinnuvikunnar og efling lýðræðisins ofarlega á baugi. Fjöldmörg framboð lýstu vilja til þess að ná raunverulegum árangri í þessum efnum sem oft voru nefnd meðal helstu forgangsverkefna.

Í þessu sambandi vill Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði, benda á þá aðstoð og þjónustu sem félagið getur veitt um bæði styttingu vinnuvikunnar og eflingu lýðræðisins. Innan félagsins er búið byggja upp þekkingu á styttingu vinnuvikunnar á Íslandi sem og í öðrum löndum, ásamt því að veita og meta kosti hennar og galla. Félagið getur veitt ráðgjöf um hvernig sé best að standa að styttingu vinnuvikunnar innan einstakra vinnustaða, og hvaða þætti þarf sérstaklega að huga að til að styttingin geti gengið sem best fyrir sig.

Innan félagsins er sömuleiðis búið að byggja upp þekkingu á ýmsum möguleikum til eflingar lýðræðisins, til dæmis á þátttökufjárhagsáætlunargerðum, slembivöldum borgaraþingum og rökræðukönnunum. Alda getur veitt ráðgjöf um kosti og galla mismunandi lýðræðisferla og hvernig sé heppilegast að innleiða viðeigandi ferla og einnig haldið utan um viðburði og veitt starfsfólki sveitarfélaga þjálfun.

Alda hefur áhuga á að koma að máli við sveitarstjórnarfólk um þessi málefni og er tilbúið til þess að koma fram á opnum umræðu- og kynningarfundum. Þeir Guðmundur D. Haraldsson (BS, MSc í sálfræði og ákvarðanatöku) og Sævar Finnbogason (doktorsnemi í heimspeki og fyrrum sveitarstjórnarmaður) munu bera hitann og þungann af þeim. Guðmundur hefur ritað fjölda greina og rætt við forsvarsmenn stéttarféлага og stjórnmalaflokka um styttingu vinnuvikunnar. Sævar hefur á undanförunum árum sérhæft sig í þátttöku- og rökræðulýðræðisferlum.

Allt frá stofnun félagsins, árið 2010, hefur Alda beitt sér fyrir dýpkun lýðræðis, og styttingu vinnuvikunnar frá 2011. Félagið hefur haldið kynningar og veitt margskonar ráðgjöf til ýmissa aðila, meðal annars ráðuneyta, sveitarfélaga, opinberra stofnana, stéttarféлага, félagasamtaka og stjórnmalaflokka. Þá hefur Alda komið fram í öllum helstu fjölmiðlum landsins og veitt ótal umsagnir til Alþingis. Alda er og verður ætíð óháð stjórnmalaflokkum og tilbúin til að vinna með öllum sem hafa áhuga á að efla lýðræðið, stuðla að sjálfbærni og bæta lífsgæði almennings.

Nánari upplýsingar um félagið má finna á vefsíðu þess, www.alda.is. Nánari upplýsingar um ráðgafþjónustu félagsins veitir undirritaður í gegnum síma (896-8867) eða tölvupóst (aldademocracy@gmail.com).

Fyrir hönd stjórnar Öldu,

Guðmundur D. Haraldsson stjórnarmaður